

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur

Akureyri, 13. ágúst 2021
UST202103-087/G.S.Á.
08.06.02

Varðar botnþykktarmælingar á geymi nr. 1 í olíubirgðastöð EBK ehf. á Keflavíkurflugvelli

Umhverfisstofnun bárust þann 7. júní sl. botnþykktarmælingar á geymi nr. 1 í stöð EBK ehf. á Keflavíkurflugvelli. Geymirinn er 1.000 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1987 og er staðsettur innan mengunarvarnaþróar um birgðageyma félagsins.

Mælingarnar voru framkvæmdar þann 14. desember 2019 af Andra Haraldsyni, HB Tækniþjónustu ehf. Notaður var Krautkramer DM4 þykktarmælir s/n 16855DOROM8 kvarðaður með 5 mm, 8 mm og 16 mm stilliklossum.

Fram kemur í skýrslu HB Tækniþjónustu að almennt ástand tanksbotns og fyrsta umfars er mjög gott. Hvergi er að sjá rof á málningu og má segja að mælingar séu óbreyttar frá síðustu mælingu.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri